

Nokkrar athugasemdir og ábendingar við frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (stuðningur við öflun og miðlun fréttar, fréttatengds efnis o.fl.)

Athugasemd við drög að 62. gr. g, skilyrði endurgreiðslu:

Í staflíð i. segir að á fjölmiðli skuli starfa að lágmarki þrjú starfsmenn í fullu starfi við öflun og miðlun efnis (skv. d-lið) en einn starfsmaður hjá staðbundnum fjölmiðli.

Í greinargerð kemur fram að þetta skilyrði sé sett að danskri fyrirmynd. Segir að telja verði eðlilegt að gera þá kröfu að fjölmiðlar hafi náð ákveðinni stærð til að hafa bolmagn til að sinna því lýðræðishlutverki sem er forsenda endurgreiðslu samkvæmt frumvarpinu. Því sé miðað við að a.m.k. þrjú starfsmenn séu í fullu starfi hjá fjölmiðli til þess að hann geti notið endurgreiðslu. Ekki sé hins vegar ástæða til að gera sömu kröfur varðandi staðbundnu miðlana, þar sem þeir séu gjarnan með fámennar ritstjórnir en sinna þó mikilvægu hlutverki í heimabyggð.

Nokkrir einkareknir netmiðlar, sem ekki eru staðbundnir, uppfylla við fyrstu sýn öll skilyrði endurgreiðslu nema þá að vera með þrjú starfsmenn. Má þar m.a. nefna Turisti.is og eirikurjonsson.is sem byggjast á vinnu eins manns og lifdununa.is sem er þarna á mörkunum. Allt efni þessara netmiðla byggir á sjálfstæðri fréttar- og heimildaöflun, er fjölbreytt og á erindi við allan almenning. Oft á tíðum vitna aðrir fjölmiðlar til fréttar og fróðleiks sem þessir fjölmiðlar setja fram. Engin rök mæla með því að ef netmiðill er svæðisbundinn, þá teljist hann geta sinnt sínu lýðræðislega hlutverki með einum starfsmanni, en ekki ef netmiðillinn flytur efni sem ætlað er öllum landsmönnum fremur en vera staðbundið.

Fram kemur í greinargerðinni að skilyrðin séu sett að danskri fyrirmynd. Hafa ber í huga að í Danmörku eru 17 sinnum fleiri íbúar en hér á landi og fjölmiðlamarkaður þar af leiðandi mun stærri og fjölbreyttari. Ekki þarf því að koma á óvart að Danir setji þessi skilyrði um lágmarks mannskap á ritstjórn. Óraunsætt er að yfirfæra þessi skilyrði að óathuguðu máli á íslenskan fjölmiðlamarkað.

Skilyrði endurgreiðslu eru hvort sem er það mikil og ítarleg að krafan um lágmarks fjölda sem starfar við fjölmiðilinn er óþörf og ólýðræðisleg.

Þetta skilyrði um þriggja manna ritstjórn er þar að auki í mótsögn við greinargerð sem fjölmiðlanefnd skilaði í fyrra og sagt er frá í greinargerðinni með frumvarpinu. Vísað er til þess að í greinargerð fjölmiðlanefndar komi fram að styrkveitingar skuli vera til þess fallnar „að styðja við sterkar ritstjórnir með slagkraft til metnaðarfullra verkefna **en ekki síður við fjölbreytta flóru smærri miðla**. Í því sambandi skuli bæði hafa í huga **miðla sem ná til landsins alls** og svæðisbundinna miðla. Skilyrðin verði þannig til þess fallin að **styrkja þá miðla sem beinlínis styrkja lýðræðið í landinu með fréttaflutningi og upplýstri umræðu** (leturbreyting mín).“

Um 62. gr. h

Þar segir að laun og verktakagreiðslur teljist eingöngu til endurgreiðsluhæfs kostnaðar séu þau sannanlega skattlögð hér á landi.

Vandséð er hvað stýrir þessari kröfu og hún virkar fremur heimóttarleg. Margir fjölmiðlar kaupa efni til birtingar frá fólki sem búsett er erlendis, ýmist efni um íslensk eða erlend málefni. Allt stuðlar það að fjölbreyttri og lýðræðislegri umræðu. Internetið skapar fjölmiðlafólki tækifæri til að búa erlendis þó svo það starfi við fréttamiðlun eða samfélagsumfjöllun hjá íslenskum fjölmiðli. Útgjöld vegna ritstjórnar eru þau sömu hvort sem skattar eru greiddir af launum viðkomandi á Íslandi eða erlendis.

Fráleitt er að krefjast þess að sú lýðræðislega umræða sem stuðningi ríkissjóðs er ætlað að efla eigi að takmarkast við það að skattar af útgjöldunum séu greiddir hér á landi.

Almennt

Ástæða er til að fagna því framtaki að styrkja fréttá- og samfélagsmiðla til að gegna sínu mikilvæga hlutverki fyrir upplýsta umræðu. Heildarupphæðin er samt rýr, einn tíundi hluti þess sem ríkissjóður innheimtir í þágu Ríkisútvarpsins og einn tíundi þess sem ríkissjóður lagði í jarðgöng undir Húsavíkurhöfða í þágu iðnfyrirtækis. Eftir sem áður hefur Rúv yfirburða stöðu með framlögum úr ríkissjóði.

Þó að það sé ekki efni þessara breytinga á fjölmiðlalögum, þá er full ástæða fyrir ríkisvaldið að huga að því hvernig hallar á íslenska fjölmiðla í samkeppni um auglýsingar hjá erlendum netfyrirtækjum, einkum Google, Facebook og Youtube. Enginn virðisaukaskattur er innheimtur vegna þessara auglýsinga, meðan íslenskir fjölmiðlar þurfa að leggja virðisaukaskatt á sína auglýsingasölu og skila honum til ríkissjóðs. Þessi erlendu netfyrirtæki eru almenn umræðu- og auglýsingatorg sem soga til sín tekjur sem fjölmiðlarnir höfðu áður, en gegna ekki því mikilvæga hlutverki sem fjölmiðlar hafa. Með athafnaleyssi sínu styrkir ríkisvaldið erlendu netfyrirtækin á kostnað íslenskra fjölmiðla.

5. febrúar 2019

Ólafur Hauksson

Aflagranda 35

107 Reykjavík

olafur@proforma.is